



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 2/2015

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Árbæjarlaugar og Vesturbæjarlaugar  
að fara að fyrirmælum Neytendastofu um verðmerkingar**

**I.**

**Málsmeðferð**

Hinn 26. ágúst 2014 kom starfsmaður Neytendastofu í Árbæjarlaug, Fylkisvegi, Reykjavík, í þeim tilgangi að skoða ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. og 18. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveða á um það að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu og reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að birta með áberandi hætti verðupplýsingar þar sem þjónusta er veitt og verðmerkja söluvörur með endanlegu söluverði. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að verðskrá yfir þjónustu var til staðar en söluvörur og veitingar voru með öllu óverðmerktar.

Starfsmaður Árbæjarlaugar kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við verðmerkingarnar. Ekki voru gerðar athugasemdir við niðurstöður skoðunarinnar af hálfu starfsmanns sundlaugarinnar. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf hjá sundlauginni þess efnis að skoðunin hafi farið fram og að Neytendastofa myndi senda bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Hinn 28. ágúst 2014 kom starfsmaður Neytendastofu í Vesturbæjarlaug, Hofsvallagötu, Reykjavík, í þeim tilgangi að skoða ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. og 18. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveða á um það að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu og reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að birta



með áberandi hætti verðupplýsingar þar sem þjónusta er veitt og verðmerkja söluvörur með endanlegu söluverði. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að verðskrá yfir þjónustu var til staðar en verðmerkingum á söluvörum og veitingum var ábótavant.

Starfsmaður Vesturbæjarlaugar kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við verðmerkingarnar. Ekki voru gerðar athugasemdir við niðurstöður skoðunarinnar af hálfu starfsmanns verkstæðisins. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf hjá sundlauginni þess efnis að skoðunin hafi farið fram og að Neytendastofa myndi senda bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til Reykjavíkurborgar, dags. 2. september 2014, greindi stofnunin frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim lögum og reglum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim fyrirmælum beint til Reykjavíkurborgar að sjá til þess að verðmerkingum yrði komið í betra horf innan tveggja vikna að viðlögðum sektum.

Hinn 25. september 2014, var ástand verðmerkinga aftur skoðað hjá sundlaugunum. Leiddi sú skoðun í ljós að ástand verðmerkinga var ábótavant á báðum stöðum. Í athugasemdum starfsmanns Neytendastofu vegna verðmerkinga í Vesturbæjarlaug kom fram að engar lagfæringar hafi verið gerðar. Þá gerði starfsmaður Neytendastofu sérstakar athugasemdir við að verðmerkingar vanti á gos og drykki auk bakkelsis í Árbæjarlaug. Kvittað var fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga af starfsmönnum sundlauganna.

Með bréfi Neytendastofu til Reykjavíkurborgar, dags. 8. október 2014, var Reykjavíkurborg gefinn tíu daga frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Svar Reykjavíkurborgar barst með tölvubréfi, dags. 10. október 2014, þar sem segir að þær upplýsingar hafi fengist frá forstöðumönnum viðkomandi sundlauga að þeir telji að búið sé að koma verðmerkingum á vörum í lag. Því sé óskað eftir því að kannað verði hvort verðmerkingar séu nú með viðeigandi hætti.

Með tölvubréfi Neytendastofu, dags. 17. október 2014, var Reykjavíkurborg gerð grein fyrir því að bréf Neytendastofu hafi verið sent í kjölfar eftirfylgni þar sem ekki hafði verið bætt úr verðmerkingum og því sé nú til meðferðar hjá stofnuninni hvort lagðar verði sektir á Reykjavíkurborg vegna skorts á verðmerkingum í ljósi þess að ekki hafi verið farið að fyrirmælum Neytendastofu eftir fyrri heimsókn.



Hinn 18. október 2014 bárust Neytendastofu athugasemdir frá Reykjavíkurborg þess efnis að samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni Árbæjarlaugar hafi verið þegar verið búið að bregðast við athugasemdum Neytendastofu frá 25. september.

Með tölvubréfi Neytendastofu, dags. 20. október 2014, kom fram að þegar farið var í seinni skoðun hafi verið búið að laga hluta af því sem óverðmerkt hafi verið í fyrri skoðun en ekki hafi verið búið að laga merkingar á drykkjum og matvöru.

## II. Niðurstaða

Í máli þessu hafa Árbæjarlaug og Vesturbæjarlaug ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum á verkstæði sínu í viðunandi horf innan tilsetts tíma eftir skoðanir stofnunarinnar 26. og 28. ágúst 2014.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

*„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“*

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og heimildar í ákvæði 18. gr. sömu laga, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu.

Um verðupplýsingar við sölu á þjónustu segir í 4. gr. verðmerkingareglanna:

*Verðskrá yfir alla framboðna þjónustu skal ávallt vera birt með áberandi hætti þar sem þjónustan er veitt. Skal verðskráin vera skýr, aðgengileg og greinileg þannig að augljóst sé hvaða þjónustu verðmerkingin á við.*

*Í þeim tilvikum sem fjöldi þjónustumöguleika gerir seljanda ókleift að birta tæmandi verðskrá skv. 1. mgr. er skylt að birta með áberandi hætti útdrátt úr verðskrá, þar sem fram kemur verð á helstu þjónustuliðum. Í þeim tilvikum skal verðskrá yfir alla þjónustu þó ávallt vera aðgengileg á sölustað.*



*Ef verð fyrir þjónustuna er háð breytingum og ómögulegt að gefa upp endanlegt verð fyrirfram skal tilgreina hæsta og lágsta mögulega verð. Í þeim tilvikum skal einnig greina frá því hvernig verðið er reiknað út.*

*Verð á þjónustu skal innihalda efniskostnað, eftir því sem við getur átt.*

Um verðmerkingar á vörum segir í 1.-3. mgr. 3. gr. reglna nr. 536/2011:

*„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.*

*Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.*

*Skylda til að verðmerkja með sölu- og einingarverði gildir einnig hvar sem vörur eru til sýnis svo sem í búðargluggum, sýningarkössum, á vefsíðum eða annars staðar. Sé söluverðs getið í auglýsingum þarf einnig að tiltaka einingarverð.“*

Samkvæmt ákvæðunum ber sundlaugunum ávallt að hafa sýnilega verðskrá yfir framboðna þjónustu auk þess að verðmerkja allar söluvörur með endanlegu verði.

Verðmerkingum fyrir þjónustu Árbæjarlaugar var komið fyrir eftir fyrri heimsókn Neytendastofu og því kemur ekki til álita að leggja á stjórnvaldssekt vegna þess. Hins vegar vantaði verðmerkingar á söluvörur bæði í Árbæjarlaug og Vesturbæjarlaug sem ekki voru gerðar viðunandi lagfæringar á innan tilskilins frest. Með því hafa sundlaugarnar brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005 sem og ákvæðum 3. gr. reglna nr. 536/2011 og því þykir stofnuninni nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:*

*[...]*

*b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]*

*c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“*



Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Reykjavíkurborg, rekstraraðila Árbæjarlaugar og Vesturbæjarlaugar, stjórnvaldssekt að fjárhæð 100.000 kr. (eitthundraðþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæðum 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðupplýsingar og einingarverð við sölu á vörum, með því að hafa verðmerkja söluvörur ekki með viðunandi hætti.**

**Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Reykjavíkurborg að fjárhæð kr. 100.000 (eitthundraðþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“**

Neytendastofa, 16. janúar 2015

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir